

## **6. stjórnarfundur Fimleikasambands Íslands haldinn þriðjudaginn 10. apríl kl 18:00 á skrifstofu FSÍ, Engjateigi 6.**

Mættir: Þorgerður Laufey Diðriksdóttir formaður, Arnar Ólafsson varaformaður, Friðbjörn Möller, gjaldkeri, Einar Ólafsson, ritari, Jósep Húnfjörð meðstjórnandi, Íris Svavarsdóttir formaður tækninefndar í hópfimleikum, Axel Bragason formaður tækninefndar karla, Halla Karí Hjalted formaður tækninefndar kvenna, Davíð Ingason verkefnastjóri í áhaldafimleikum, Sólveig Jónsdóttir verkefnastjóri í hópfimleikum

Helgi Jóhannesson framkvæmdarstjóri FSÍ boðaði forföll

Formaður setur fundinn.

### DAGSKRÁ

#### **1. samþykkt fundargerð**

Fundargerð 5. fundar samþykkt

#### **2. Kynningarfundur með aðildarfélögum/framkvæmdarstjórum/formönnum vegna samstarfsamnings við Nýjan vinkil.**

Á 40. fundi stjórnar Fimleikasambands Íslands, haldinn þann 6. febrúar 2012, var tekinn ákvörðun um að skrifa undir samstarfssamning við Nýjan Vinkil ehf.

Samningurinn lagður fram til kynningar.

Málið rætt

Ákveðið að boða til fundar mánudaginn 16. apríl með áhugasömum aðilum og kynna samninginn og bjóða Þorvarði Goða að kynna verkefnið í heild sinni. Framkvæmdarstjóra falið að boða til fundar.

Ákveðið að Davíð Ingason verkefnastjóri áhaldafimleika skyldi bjóða Þorvarði á fund með UT-nefnd FSÍ

#### **3. Samningur við Fimleika ehf**

Samningurinn lagður fram til kynningar

Málið rætt

Stjórn Fimleikasambands Íslands fagnar samstarfssamningi við Fimleika ehf. Samningurinn felur í sér kostun á keppnisbúningum á landsliðs Íslands í hópfimleikum til ársins 2015. Samþykkt að skrifa undir samninginn á Íslandsmóti í hópfimleikum 2012 sem fer fram 13. - 14. apríl n.k. í Ásgarði, íþróttahúsi Stjörnunnar og boða til blaðamanna fundar. Jafnframt þakkar stjórn Sólveigu Jónsdóttur verkefnastjóra í hópfimleikum og Arnari Ólafssyni fyrir glæsilega vinnu sem og umboðsmönnum GK fatnaðar á Íslandi.

Formaður Þorgerður Laufey Diðriksdóttir vísar til fundi.

Arnar Ólafsson tók fundarstjórn.

#### 4. EM- liðakeppni, MAG juniora, sem halda á 21.- 27.maí í Montpellier í Frakkland

Stjórn hefur borist tilnefning frá tækninefnda karla í áhaldafimleikum vegna Evrópumóts juniora sem halda á 21.-27 maí í í Montpellier í Frakkland

*Samþykkt er tilnefning tækninefndar karla sem er svohljóðandi:*

Keppendur: Valgarð Reinhardsson, Sigurður Andrés Sigurðarson, Hróbjartur Pálmar Hilmarsson, Eyþór Baldursson

Til vara: Garðar Egill Guðmundsson

Þjálfari: Gennadiy Zadorozhniy

Dómari: Björn M. Tómasson

*Tilnefning tækninefndar karla um keppendur og þjálfara á mótið er samþykkt með vísan til rökstuðnings nefndarinnar.*

*Um afgreiðslu máls þessa vísast til verkferla. Framkvæmdastjóra falin afgreiðsla málsins samkvæmt verkferlum.*

Formaður Þorgerður Laufey Diðriksdóttir tók aftur sæti og stjórnar fundi.

Stjórn FSÍ á að tilnefna og samþykkja fararstjóra á þau mót/viðburði sem FSÍ sendir keppendur/þátttakendur á. Mismunandi sjónarmið eru höfð að leiðarljósi við val á fararstjóra, allt eftir eðli og umfangi verkefnis. Oft hefur verið haft að leiðarljósi að fararstjóri gegni jafnframt öðru hlutverki, eins og t.d viðbótar þjálfari. Mörg mót eru þess eðlis að ekki þarf sérstakan fararstjóra en önnur eru stór og margþætt þannig að ástæða er til að sérstakur fararstjóri fari sem ekki hefur annað hlutverk en það að halda utan um keppendur og vinna þannig að því að keppendur nái sem bestum árangri.

Þorgerður Laufey Diðriksdóttir, Davíð Ingason og Axel Bragason víkja fundi

Arnar Ólafsson varaformaður tekur við fundarstjórn

Málið rætt

Samþykkt að óska eftir því við Axel Ólaf Þórhannesson að hann taki að sér fararstjórahlutverkið á EM 2012 . Til vara Axel Bragason, formaður tækninefndar karla.

Þorgerður Laufey Diðriksdóttir, Davíð Ingason og Axel Bragason taka aftur sæti

Þorgerður Laufey Diðriksdóttir tekur við stjórn

*Axel Bragason formaður tækninefndar karla óskar að bókað sé eftirfarandi: Axel Bragason gerir athugasemd við val stjórnar á fararstjóra á EM 2012. Axel Ólafur hefur ekki gefið kost á sér til starfsins að því er Axel Braga kemst næst. Axel telur að forsendur valsins séu ekki á faglegum nótum enda telur Axel Bragason að starfið myndi nýtast TK og sambandinu best ef starfsmaður (stjórn- nefndarmaður) FSÍ sinni því.*

#### **5. Samþykkt stjórnar vegna tilnefningar tækninefndar kvenna fyrir NM og EM 2012.**

Stjórn barst tölvupóstur dagsett 3. Apríl 2012 frá formanni tækninefndar kvenna, þar sem tilnefning tækninefndar kvenna fyrir þrjú landslið voru tilkynnt. Samþykkt var að senda póst á alla stjórnarmenn og þeir inntir eftir því hvort þeir væru tilbúnir að samþykkt tilnefningu í gegnum tölvupóst. Allir stjórnarmenn svöruðu samdægurs og var tilnefning tkv samþykkt svohljóðandi

***Stjórn FSÍ hefur borist tilnefning frá tækninefnda kvenna í áhaldafimleikum vegna Norðurlandamóts kvenna sem haldið verður í Greve í Danmörku dagana 21-22 apríl nk.***

Tilnefning tækninefndar kvenna er svohljóðandi:

Keppendur; Embla Jóhannesdóttir, Jóhanna Rakel Jónasdóttir, Norma Dögg Róbertsdóttir, Thelma Rut Hermannsdóttir og Tinna Óðinsdóttir

Til vara: Hildur Ólafsdóttir og Þórey Kristinsdóttir

Þjálfarar verði Guðmundur Þór Brynjólfsson og Berglind Pétursdóttir sem jafnframt gegnir fararstjórahlutverki í ferðinni jafnt karla og kvenna.

Dómarar: Auður Ólafsdóttir og Þorbjörg Gísladóttir

Tilnefning tækninefndar kvenna um keppendur og þjálfara á mótið er samþykkt af stjórn FSÍ.

***Stjórn hefur borist tilnefning frá tækninefnda kvenna í áhaldafimleikum vegna Evrópumót í áhaldafimleikum kvenna – Junior lið sem halda á daganna 8-13.mai í Bruxelles Belgíu***

Tilnefning tækninefndar kvenna er svohljóðandi:

Keppendur; Andrea Rós Jónsdóttir, Freyja Húnfjörð Jósepsdóttir, Katrín Myrra Þrastardóttir og Sigríður Hrönn Bergþórsdóttir

Þjálfarar verði Dmitry Varonin og Þorbjörg Gísladóttir sem jafnframt verður fararstjóri í ferðinni.

Dómarar: Hlín Bjarnadóttir og Berglind Pétursdóttir

Tilnefning tækninefndar kvenna um keppendur og þjálfara á mótið er samþykkt af stjórn FSÍ.

***Stjórn FSÍ hefur borist tilnefning frá tækninefnda kvenna í áhaldafimleikum vegna Evrópumóts í áhaldafimleikum kvenna – Senior lið sem haldið verður 8-13.mai í Bruxelles Belgíu.***

Tilnefning tækninefndar kvenna er svohljóðandi:

Keppendur Hildur Ólafsdóttir, Jóhanna Raket Jónasdóttir, Norma Dögg Róbertsdóttir, Thelma Rut Hermannsdóttir og Tinna Óðinsdóttir

Varamenn: Embla Jóhannesdóttir og Þórey Kristinsdóttir

Þjálfarar verði Guðmundur Þór Brynjólfsson og Þorbjörg Gísladóttir sem jafnframt verði fararstjóri í ferðinni.

Dómarar: Hlín Bjarnadóttir og Berglind Pétursdóttir

Tilnefning tækninefndar kvenna um keppendur og þjálfara á mótið er samþykkt af stjórn FSÍ

#### **4. bréf frá Tækninefnd í hóp fimleikum dagsett 10. apríl 2012**

Í bréfi frá Tækninefnd í hóp fimleikum er lýst yfir áhyggjum að því að lið séu að hætta við þátttöku á Vormóti FSÍ á Egilsstöðum sökum kostnaðar.

Málið rætt

Stjórn beinir því til aðildarfélaga sambandsins að halda kostnaði við umgjörð móta, gisting og uppihald, á vegum sambandsins í lágmarki. Mikilvægt er að FSÍ mót séu haldinn um allt land og tækifæri sem felast í mótahaldi á landsbyggðinni eru mörg og mikilvægur þáttur í starfsemi sambandsins.

#### **6. Undanþága frá reglum um ríkisborgararétt**

Stjórn barst erindi frá finnska fimleikasambandinu þar sem þau óska eftir því að keppandi á Norðurlandamóti U14 fái undanþágu frá reglum um ríkisborgararétt. Keppandinn er sænskur ríkisborgari en er búinn að sækja um ríkisborgararétt í Finnlandi og bíður afgreiðslu. Norsku, sænsku og dönsku fimleikasamböndin hafa svarað erindinu og eru því samþykkt.

Erindið var til umræðu á 2 nefndarfundum tækninefndar karla og voru þeir því samþykktir.

Málið rætt

Stjórn samþykkir erindi finnska fimleikasambandsins og telur að vegna ungs aldurs og þess að einstaklingurinn bíður eftir afgreiðslu um nýtt ríkisfang. Framkvæmdarstjóra er falið að senda svar stjórnar til finnska fimleikasambandsins.

Fundi slitið 20:30